

Janúar 2014

Helstu atriði í kjarasamningi

Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 21. desember 2013

Aðalatriði samningsins:

Um er að ræða svokallaðan aðfarasamning, en auk launabreytinga gefur samningurinn aðilum 12 mánuði til að undirbúa gerð langtímasamnings sem á að tryggja stöðugleika í íslensku efnahagslífi og kaupmáttaraukningu til framtíðar. Vinna við undirbúning slíks langtímasamnings hefst strax í byrjun ársins. Með samningnum er tekin upp sú nýbreytni að gengið er frá sérstakri viðræðuáætlun sem unnið verður eftir með tímasettum markmiðum um framvindu.

Nýi kjarasamningurinn gildir frá 1. janúar til 31. desember 2014.

- **Launabreytingar**

Almenn hækkun

1. janúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

Sérstök hækkun kauptaxta kr. 230.000 og lægri

Kauptaxtar undir 230.000 kr. á mánuði hækka sérstaklega um jafnvirði eins launaflokks. Launaflokkur 1, byrjunarlaun, hækkar um kr. 9.565 og launaflokkur 17, eftir sjö ár, hækkar um kr. 10.107

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

1. janúar 2014 kr. 214.000 á mánuði fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfelld hjá sama fyrirtæki.

- **Orlofsuppbót** miðað við fullt starf á árinu 2014 verðu kr. 29.500
- **Desemberuppbót** miðað við fullt starf á árinu 2014 verður kr. 53.600

New Collective Agreement

Podstawowe punkty nowych umów zbiorowych



Til félagsmanna Einingar-Iðju Ágæti félagi!

Þann 21. desember sl. var skrifað undir nýjan kjarasamning á milli Starfsgreinasambands Íslands (Einingar-Iðju) og Samtaka atvinnulífsins.

Samningaviðræður hafa staðið yfir síðan í september sl. og hefur gengið á ýmsu. Mikil harka hefur verið í þessum viðræðum af hálfu atvinnurekenda og hefur okkur ekkert miðað áfram. Ekki leit út fyrir að samkomulagi næðist. Búið var að skipa aðgerðarhóp til að undirbúa aðgerðir til að knýja á um nýja samninga. En rétt fyrir jól náðist að þoka atvinnurekendum aðeins úr sporunum og menn töldu rétt að skrifa undir á þeim tímapunkti og leggja samningsdrögin í dóm félagsmanna. Fulltrúar Einingar-Iðju, sem sátu fundi samninganefndar SGS, mátu það svo að ekki væri hægt að ná meiru án þess að fara í aðgerðir og því var skrifað undir.

Samningurinn gildir í eitt ár og í honum er reynt að fara nýjar leiðir.

Augljóslega hefðu allir viljað fá meiri launahækkun.

Það er aðeins reynt að hækka lægstu launin umfram aðra.

Allir sem eru á taxtalaunum fá hækkun frá 9.560 upp í 10.100. Þeir sem eru ekki á taxta fá að lágmarki 8.000 kr. eða 2.80% hækkun. Bónus, premíur og ákvæðisvinnukerfi fá 2,80% hækkun.

Samtök atvinnulífsins hafa lofað að reyna að koma í veg fyrir hækkun vöruverðs hjá aðildarfyrirtækum sambandsins.

Ríki og sveitarfélög lofa að hækka sem minnst þjónustugjöld.

Þess ber að geta að Eining-Iðja sendi bréf til allra sveitastjórna við Eyjafjörð, þar sem hvatt var til þess að varlega væri farið í hækkanir, þau tóku vel í beiðnina og við teljum að náðst hafi ásættanleg niðurstaða.

Ríkistjórnin ákvað skattalækkanir, sem munu ná til nærri 80% félagsmanna Einingar-Iðju, þó eru áhrifin mismunandi mikil.

Í nýrri könnun á meðal félagsmanna kemur fram að 21,4% félagsmanna hafa heildarlaun undir 250.000 krónum.

34,6% eru með heildarlaun á milli 250.000 og 349.900 krónur.

44% eru með heildarlaun yfir 350.000 krónum.

Miðað við þessar upplýsingar er ljóst að allir sem eru með laun yfir 256.000 krónum fá eitthvað útúr skattalækkuninni.

1400 félagsmenn tóku þátt í könnun á því hvað bæri að leggja áherslu á í samningunum. Þar kom fram að í 1. sæti væri aukinn kaupmáttur og í 2. sæti væri lækkun skatta.

Í þessum samningi er gerð tilraun til þess að minnka verðbólgu, sem þá vonandi leiðir af sér lækkun vaxta, minni verðhækkanir og ívið meiri kaupmátt.

Félagi góður skoðaðu málið vel, sýndu ábyrgð og taktu þátt í atkvæðagreiðslunni strax og þér berast kjörgögnin í hendur.

F.H Einingar-Iðju

Björn Snæbjörnsson formaður

Anna Júlíusdóttir varaformaður

KJARASAMNINGUR

milli Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins

1. gr.

Inngangur

Samningur þessi kemur til viðbótar heildarkjarasamningi SA og aðildarsamtaka ASÍ sem félögin eiga aðild að og fjallar um aðfararsamning, samningstíma, gildistöku, afgreiðslu kjarasamninga og önnur sameiginleg mál.

Kjarasamningur þessi felur í sér breytingar og viðbætur við aðalkjarasamninga aðildarfélaganna SGS, og sérkjarasamninga sem teljast hlutar þeirra, annarra en Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

2. gr.

Kaupliðir

Almenn launahækkun

Hinn 1. janúar 2014 skulu laun og kauptaxtar hækka um 2,8%, þó að lágmarki kr. 8.000 á mánuði fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Aðrir kjaratengdir liðir hækka um 2,8% á sama tíma.

Sérstök hækkun kauptaxta, 230.000 kr. og lægri

Launaflokkar í kjarasamningnum hækka sérstaklega, sbr. fylgiskjal með kjarasamningnum. Kauptaxtar gilda frá 1. janúar 2014.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skulu vera fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sama fyrirtæki: 1. janúar 2014, kr. 214.000 á mánuði.

Desember- og orlofsuppbót

Desemberuppbót miðað við fullt starf er á árinu 2014 kr. 53.600.

Orlofsuppbót fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf er kr. 29.500.

3. gr.

Fylgiskjöl

Með samningi þessum fylgja breytingar á köflum kjarasamninga aðila sem undirritaðar hafa verið sérstaklega.

Reykjavík 21. desember 2013

F.h. Starfsgreinasambands Íslands

F.h. Samtaka atvinnulífsins

Aðalkjarasamningur SGS og SA

Grein 15.9.1 um vinnufatnað orðist svo:

Starfsmenn skulu fá tvö samfestinga/vinnuföt á ári og skal skila ónothæfum vinnufötum fyrir ný. Vinnufatnaður skal skráður á nafn starfsmanns. Vinnufatnaðurinn er eign vinnuveitenda og sér hann um hreinsun á honum á sinn kostnað. Við starfslok skal starfsmaður standa skil á öllum vinnufatnaði en greiða eða fyrir hann kostnaðarverð. Vinnuveitandi lætur í té vinnuvettlinga eftir þörfum, enda sé ónýtum vettlingum skilað í stað nýrra. Í steypuvinnu skal vera til staðar vatnsheldur fatnaður og gúmmívettingar til afnota fyrir starfsmenn.

Tegund vinnugalla ákvarðast með tilliti til hverskonar störf starfsmenn vinna.

Starfsmenn skulu gagna í óskemmdum vinnufatnaði til að minnka slyshættu á vinnustað.

Kjarasamningur SGS og SA vegna veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölustöðum, afþreyingarfyrirtækjum og við hliðstæða starfsemi.

Grein 1.1 um gildissvið orðist svo:

Samningur þessi tekur til vinnu félagsmanna SGS á veitinga-, gisti-, þjónustu- og greiðasölustöðum, afþreyingarfyrirtækjum og við hliðstæða starfsemi.

Inn komi nýtt ákvæði um bakvaktir í 2. kafla kjarasamningsins og hljóði svo:

Bakvaktir

Heimilt er að setja á bakvaktir þar sem starfsmanni er skylt að vera í símasambandi og að sinna útköllum. Sé ekki um annað samið í ráðningarsamningi gildir eftirfarandi:

Fyrir hverja klukkustund á bakvakt þar sem vakthafandi starfsmaður er bundinn heima fær hann greitt sem svarar 33% dagvinnustundar. Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.3.1. og 2.3.2 verður ofangreint hlutfall 50%.

Fyrir bakvakt þar sem ekki er krafist tafarlausra viðbragða af hálfu starfsmanns en hann er tilbúinn til vinnu strax og til hans næst, þá greiðist 16,5% af dagvinnukaupi fyrir hverja klst. á bakvakt. Á almennum frídögum og stórhátíðum skv. gr. 2.3.1 og 2.3.2 verður ofangreint hlutfall 25%.

Fyrir útkall á bakvakt skal starfsmaður fá greitt fyrir unnin tíma, þó að lágmarki 4 klst., nema dagvinna hefjist innan tveggja stunda frá því að hann komi til vinnu. Bakvaktargreiðslur og yfirvinnugreiðslur fari þó aldrei saman.

Landsmennt

Framlög til fræðslu- og starfsmenntasjóða hækka um 0,1%.

**Sýnum ábyrga afstöðu!
Greiðum atkvæði og
póstleggjum það strax**

Launatafla í gildi frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2014

Mánaðarkaup Samkvæmt samningi SA og SGS frá 21. desember 2014

	Byrjunarlaun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár
Launaflokkur 1	201.317	202.905	204.517	206.153	207.814
Launaflokkur 2	202.905	204.517	206.153	207.814	209.500
Launaflokkur 3	204.517	206.153	207.814	209.500	211.211
Launaflokkur 4	206.153	207.814	209.500	211.211	212.948
Launaflokkur 5	207.814	209.500	211.211	212.948	214.711
Launaflokkur 6	209.500	211.211	212.948	214.711	216.500
Launaflokkur 7	211.211	212.948	214.711	216.500	218.316
Launaflokkur 8	212.948	214.711	216.500	218.316	220.159
Launaflokkur 9	214.711	216.500	218.316	220.159	222.030
Launaflokkur 10	216.500	218.316	220.159	222.030	223.928
Launaflokkur 11	218.316	220.159	222.030	223.928	225.856
Launaflokkur 12	220.159	222.030	223.928	225.856	227.812
Launaflokkur 13	222.030	223.928	225.856	227.812	229.798
Launaflokkur 14	223.928	225.856	227.812	229.798	231.814
Launaflokkur 15	225.856	227.812	229.798	231.814	233.859
Launaflokkur 16	227.812	229.798	231.814	233.859	235.936
Launaflokkur 17	229.798	231.814	233.859	235.936	238.043
Launaflokkur 18	231.814	233.859	235.936	238.043	240.182
Launaflokkur 19	233.859	235.936	238.043	240.182	242.354
Launaflokkur 20	235.936	238.043	240.182	242.354	244.558
Launaflokkur 21	238.043	240.182	242.354	244.558	246.795
Launaflokkur 22	240.182	242.354	244.558	246.795	249.065
Launaflokkur 23	242.354	244.558	246.795	249.065	251.370
Launaflokkur 24	244.558	246.795	249.065	251.370	253.709

Krónutöluhækkunir til þeirra sem eru á launatöxtum

	Byrjunarlaun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár
Launaflokkur 1	9.565	9.588	9.612	9.636	9.661
Launaflokkur 2	9.588	9.612	9.636	9.661	9.686
Launaflokkur 3	9.612	9.636	9.661	9.686	9.711
Launaflokkur 4	9.636	9.661	9.686	9.711	9.737
Launaflokkur 5	9.661	9.686	9.711	9.737	9.763
Launaflokkur 6	9.686	9.711	9.737	9.763	9.789
Launaflokkur 7	9.711	9.737	9.763	9.789	9.816
Launaflokkur 8	9.737	9.763	9.789	9.816	9.843
Launaflokkur 9	9.763	9.789	9.816	9.843	9.871
Launaflokkur 10	9.789	9.816	9.843	9.871	9.898
Launaflokkur 11	9.816	9.843	9.871	9.898	9.928
Launaflokkur 12	9.843	9.871	9.898	9.928	9.956
Launaflokkur 13	9.871	9.898	9.928	9.956	9.986
Launaflokkur 14	9.898	9.928	9.956	9.986	10.016
Launaflokkur 15	9.928	9.956	9.986	10.016	10.045
Launaflokkur 16	9.956	9.986	10.016	10.045	10.077
Launaflokkur 17	9.986	10.016	10.045	10.077	10.107
Launaflokkur 18	10.016	10.045	10.077	10.107	10.139
Launaflokkur 19	10.045	10.077	10.107	10.139	10.172
Launaflokkur 20	10.077	10.107	10.139	10.172	10.204
Launaflokkur 21	10.107	10.139	10.172	10.204	10.237
Launaflokkur 22	10.139	10.172	10.204	10.237	10.270
Launaflokkur 23	10.172	10.204	10.237	10.270	10.305
Launaflokkur 24	10.204	10.237	10.270	10.305	10.339

Hækkun launa og lækkun skatta 1. janúar 2014

Mánaðarlaun í kr.	Launahækkun á mánuði ⁺	Skatta- lækkun [*]	Skatta- lækkun ^{**}	Samtals	Breyting í prósentum
190.000 - 230.000	9.750	0	2.036	11.786	6,2-5,1%
235.000 - 285.000	8.000	0 - 539	2.036	10.036	4,3-3,7%
300.000	8.400	957	2.429	11.786	3,90%
350.000	9.800	1.245	2.429	13.474	3,80%
400.000	11.200	1.485	2.429	15.114	3,80%
450.000	12.600	1.725	2.429	16.754	3,70%
500.000	14.000	1.965	2.429	18.394	3,70%
600.000	16.800	2.445	2.429	21.674	3,60%
700.000	19.600	2.925	2.429	24.954	3,60%
800.000	22.400	3.405	4.138	29.943	3,70%
900.000	25.200	3.470	4.913	33.583	3,70%
1.000.000	28.000	3.470	4.913	36.383	3,60%

+ Sérstök hækkun launataxta hjá SGS og Flóabandalaginu er 1. launaflokkur en hjá VR og LÍV hækka taxtar undir 230 þús.kr. um 9.750 kr. sem er meðaltalið milli flokka í launatöflu SGS og Flóabandalagsins.

* Áhrif breytinga á lögum um tekjuskatt 1. janúar 2014.

** Áhrif af verðtryggingu persónuafsláttar sem ASÍ samdi um 2006 og hækkun tekjumarka skv. lögum.

Dagvinna Samkvæmt samningi SA og SGS frá 21. desember 2014

	Byrjunarlaun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár
Launaflokkur 1	1.161,47	1.170,63	1.179,93	1.189,37	1.198,95
Launaflokkur 2	1.170,63	1.179,93	1.189,37	1.198,95	1.208,68
Launaflokkur 3	1.179,93	1.189,37	1.198,95	1.208,68	1.218,55
Launaflokkur 4	1.189,37	1.198,95	1.208,68	1.218,55	1.228,57
Launaflokkur 5	1.198,95	1.208,68	1.218,55	1.228,57	1.238,74
Launaflokkur 6	1.208,68	1.218,55	1.228,57	1.238,74	1.249,06
Launaflokkur 7	1.218,55	1.228,57	1.238,74	1.249,06	1.259,54
Launaflokkur 8	1.228,57	1.238,74	1.249,06	1.259,54	1.270,17
Launaflokkur 9	1.238,74	1.249,06	1.259,54	1.270,17	1.280,97
Launaflokkur 10	1.249,06	1.259,54	1.270,17	1.280,97	1.291,92
Launaflokkur 11	1.259,54	1.270,17	1.280,97	1.291,92	1.303,04
Launaflokkur 12	1.270,17	1.280,97	1.291,92	1.303,04	1.314,33
Launaflokkur 13	1.280,97	1.291,92	1.303,04	1.314,33	1.325,78
Launaflokkur 14	1.291,92	1.303,04	1.314,33	1.325,78	1.337,41
Launaflokkur 15	1.303,04	1.314,33	1.325,78	1.337,41	1.349,21
Launaflokkur 16	1.314,33	1.325,78	1.337,41	1.349,21	1.361,20
Launaflokkur 17	1.325,78	1.337,41	1.349,21	1.361,20	1.373,35
Launaflokkur 18	1.337,41	1.349,21	1.361,20	1.373,35	1.385,69
Launaflokkur 19	1.349,21	1.361,20	1.373,35	1.385,69	1.398,22
Launaflokkur 20	1.361,20	1.373,35	1.385,69	1.398,22	1.410,94
Launaflokkur 21	1.373,35	1.385,69	1.398,22	1.410,94	1.423,84
Launaflokkur 22	1.385,69	1.398,22	1.410,94	1.423,84	1.436,94
Launaflokkur 23	1.398,22	1.410,94	1.423,84	1.436,94	1.450,24
Launaflokkur 24	1.410,94	1.423,84	1.436,94	1.450,24	1.463,73

- Stærstu sveitarfélög landsins hafa tekið áskorun verkalýðshreyfingarinnar og hækka ekki gjaldskrár sínar um áramót.
- Gjaldskrárhækkanir ríkisins verða ekki meiri en 2,5% á ári, ríkisstjórnin mun endurskoða breytingar á gjöldum sem þegar hafa verið samþykktar.
- Gjaldskrárhækkanir fyrirtækja í eigu ríkis og sveitarfélaga verði innan verðbólgu markmiðs Seðlabankans.
- Unnið verði að því að við framkvæmd kjarasamninga verði miðað við umfang umsaminna launahækkana ásamt samningsbundnum starfsaldurshækkunum og starfsþróunar þannig að hún samrýmist verðbólgu markmiðum Seðlabanka Íslands.
- Ráðist verður í markvissar aðgerðir til stuðnings auknum kaupmætti.
- Samstilltar aðgerðir samningsaðila til að halda verðbólgu innan 2,5% markmiðs Seðlabanka Íslands.

Yfirvinna Samkvæmt samningi SA og SGS frá 21. desember 2014

	Byrjunarlaun	Eftir 1 ár	Eftir 3 ár	Eftir 5 ár	Eftir 7 ár
Launaflokkur 1	2.090,68	2.107,17	2.123,91	2.140,90	2.158,15
Launaflokkur 2	2.107,17	2.123,91	2.140,90	2.158,15	2.175,66
Launaflokkur 3	2.123,91	2.140,90	2.158,15	2.175,66	2.193,43
Launaflokkur 4	2.140,90	2.158,15	2.175,66	2.193,43	2.211,46
Launaflokkur 5	2.158,15	2.175,66	2.193,43	2.211,46	2.229,77
Launaflokkur 6	2.175,66	2.193,43	2.211,46	2.229,77	2.248,35
Launaflokkur 7	2.193,43	2.211,46	2.229,77	2.248,35	2.267,21
Launaflokkur 8	2.211,46	2.229,77	2.248,35	2.267,21	2.286,35
Launaflokkur 9	2.229,77	2.248,35	2.267,21	2.286,35	2.305,78
Launaflokkur 10	2.248,35	2.267,21	2.286,35	2.305,78	2.325,49
Launaflokkur 11	2.267,21	2.286,35	2.305,78	2.325,49	2.345,51
Launaflokkur 12	2.286,35	2.305,78	2.325,49	2.345,51	2.365,83
Launaflokkur 13	2.305,78	2.325,49	2.345,51	2.365,83	2.386,45
Launaflokkur 14	2.325,49	2.345,51	2.365,83	2.386,45	2.407,39
Launaflokkur 15	2.345,51	2.365,83	2.386,45	2.407,39	2.428,63
Launaflokkur 16	2.365,83	2.386,45	2.407,39	2.428,63	2.450,20
Launaflokkur 17	2.386,45	2.407,39	2.428,63	2.450,20	2.472,08
Launaflokkur 18	2.407,39	2.428,63	2.450,20	2.472,08	2.494,29
Launaflokkur 19	2.428,63	2.450,20	2.472,08	2.494,29	2.516,85
Launaflokkur 20	2.450,20	2.472,08	2.494,29	2.516,85	2.539,73
Launaflokkur 21	2.472,08	2.494,29	2.516,85	2.539,73	2.562,97
Launaflokkur 22	2.494,29	2.516,85	2.539,73	2.562,97	2.586,54
Launaflokkur 23	2.516,85	2.539,73	2.562,97	2.586,54	2.610,48
Launaflokkur 24	2.539,73	2.562,97	2.586,54	2.610,48	2.634,77

Fatapeningar í fiskvinnslu.

Fatapeningar á greiddan tíma kr. 11,53

Fatapeningar í saltfisk- og skreiðarvinnu kr. 13,18

Reiknitala ákvæðisvinnu í fiskvinnslu

Reiknitala ákvæðisvinnu í fiskvinnslu (Bónus) 145,05

Reiknitala í hóplaunakerfi 195,68

Á gildistíma samnings þessa skulu þeir 16 og 17 ára unglingar sem vinna skv. bónuskerfi í fiskvinnslu, eða í fiskvinnslu þar sem tekin hefur verið upp föst bónusgreiðsla vegna þess að afköst eru vélstýrð, ekki taka lægri laun en skv. 18 ára taxa.

Fæðispeningar verkamanna.

Ef um eina máltíð er að ræða. 1.533 kr.

Ef um tvær máltíðir er að ræða þ.e. hádegisverð og kvöldverð. 3.202 kr.

Ef um þrjár máltíðir er að ræða þ.e. morgunmat., hádegisverð og kvöldverð. 4.454 kr.

Starfsmenn á veitinga-, þjónustu- og greiðasölustöðum
Dagvinna 172 tímar í mánuði.

Launaflokkur 1 Tímakaupsfólk (ekki í vaktavinnu)

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.kaup
16 ára unglingar	181.185	1.053,40	1.881,61	2.491,30
17 ára unglingar	191.251	1.111,93	1.986,14	2.629,70
Byrjunarl. 18 ára	201.317	1.170,45	2.090,68	2.768,11
Eftir 1 árs starf	202.905	1.179,68	2.107,17	2.789,94
Eftir 3 ára starf	204.517	1.189,05	2.123,91	2.812,11
Eftir 5 ár starf	206.153	1.198,56	2.140,90	2.834,60
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	207.814	1.208,22	2.158,15	2.857,44

Launaflokkur 5 Almenn vinna. Vaktavinna

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh. kaup	33% álag	45% álag
16 ára unglingar	187.033	1.087,40	1.942,33	2.571,70	358,84	489,33
17 ára unglingar	197.423	1.147,81	2.050,24	2.714,57	378,78	516,51
Byrjunarl. 18 ára	207.814	1.208,22	2.158,15	2.857,44	398,71	543,70
Eftir 1 árs starf	209.500	1.218,02	2.175,66	2.880,63	401,95	548,11
Eftir 3 ára starf	211.211	1.227,97	2.193,43	2.904,15	405,23	552,59
Eftir 5 ár starf	212.948	1.238,07	2.211,46	2.928,04	408,56	557,13
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	214.711	1.248,32	2.229,77	2.952,28	411,95	561,74

Launaflokkur 6 Sérþjálfaðir starfsmenn Vaktavinna.

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh. kaup	33% álag	45% álag
16 ára unglingar	188.550	1.096,22	1.958,09	2.592,56	361,75	493,30
17 ára unglingar	199.025	1.157,12	2.066,87	2.736,59	381,85	520,70
Byrjunarl. 18 ára	209.500	1.218,02	2.175,66	2.880,63	401,95	548,11
Eftir 1 árs starf	211.211	1.227,97	2.193,43	2.904,15	405,23	552,59
Eftir 3 ára starf	212.948	1.238,07	2.211,46	2.928,04	408,56	557,13
Eftir 5 ár starf	214.711	1.248,32	2.229,77	2.952,28	411,95	561,74
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	216.500	1.258,72	2.248,35	2.976,88	415,38	566,42

Bifreiðastjórar hjá Samskip Eyjafirði.

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh.k.
Byrjunarlaun	214.711	1.238,74	2.229,77	2.952,28
Eftir 1 ár	216.500	1.249,06	2.248,35	2.976,88
Eftir 3 ár	218.316	1.259,54	2.267,21	3.001,85
Eftir 5 ár	220.159	1.270,17	2.286,35	3.027,19
Eftir 7 ár	222.030	1.280,97	2.305,78	3.052,91
Ábati á hverja klst. kr.	109,18			

Hópfreiðabílstjórar:

Launafl. 17	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórh. kaup	33% álag	45% álag
Byrjunarlaun	229.798	1325,78	2.386,45	3.159,72	441,49	596,59
Eftir 1 ár	231.814	1337,41	2.407,39	3.187,44	445,36	601,84
Eftir 3 ár	233.859	1349,21	2.428,63	3.215,56	449,29	607,15
Eftir 5 ár	235.936	1361,20	2.450,20	3.244,12	453,28	612,54
Eftir 7 ár	238.043	1373,35	2.472,08	3.273,09	457,33	618,01

Öryggisverðir, samningur á milli Einingu-Iðju og Securitas hf. Staðbundin gæsla. Launaflokkur 6

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíða	Álag 33%	Álag 45%
Byrjunarlaun	209.500	1.208,68	2.175,66	2.880,63	1607,54	1752,58
Eftir 1 ár	211.211	1.218,55	2.193,43	2.904,15	1620,67	1766,90
Eftir 3 ár	212.948	1.228,57	2.211,46	2.928,04	1634,00	1781,43
Eftir 5 ár	214.711	1.238,74	2.229,77	2.952,28	1647,53	1796,17
Eftir 7 ár	216.500	1.249,06	2.248,35	2.976,88	1661,25	1811,14

Farandgæsla. Launaflokkur 7

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíða	Álag 33%	Álag 45%
Byrjunarlaun	211.211	1.218,55	2.193,43	2.904,15	1620,67	1766,90
Eftir 1 ár	212.948	1.228,57	2.211,46	2.928,04	1634,00	1781,43
Eftir 3 ár	214.711	1.238,74	2.229,77	2.952,28	1647,53	1796,17
Eftir 5 ár	216.500	1.249,06	2.248,35	2.976,88	1661,25	1811,14
Eftir 7 ár	218.316	1.259,54	2.267,21	3.001,85	1675,19	1826,33

Verðmætaflutningar / Stjórnstöð.

Launaflokkur 10

	Mán.laun	Dagvinna	Yfirvinna	Stórhátíða	Álag 33%	Álag 45%
Byrjunarlaun	216.500	1.249,06	2.248,35	2.976,88	1661,25	1811,14
Eftir 1 ár	218.316	1.259,54	2.267,21	3.001,85	1675,19	1826,33
Eftir 3 ár	220.159	1.270,17	2.286,35	3.027,19	1689,33	1841,75
Eftir 5 ár	222.030	1.280,97	2.305,78	3.052,91	1703,69	1857,40
Eftir 7 ár	223.928	1.291,92	2.325,49	3.079,01	1718,25	1873,28

Vaktaálag:

Fyrir vinnu á tímabilinu 17:00 - 24:00 mán. til fös. greiðist 33% álag á dagvinnukaup.
Fyrir vinnu á tímabilinu 24:00 - 08:00 svo og á lau. og sun. greiðist 45% álag

Samningur Einingar-Iðju vegna ræstingafólks í tímamældri ákvæðisvinnu og öðrum ræstingastörfum á félagssvæðinu.

Tímamæld ákvæðisvinna.

Kl. 08:00 - 20:00 frá mánudegi til föstudaga kr. **1.268,08**

Alla aðra tíma vikunnar (nema 00:00-08:00) kr. **1.529,81**

Fyrir ræstingar á tímabilinu frá kl. 00:00 - 08:00 og aðalhreingerningu greiðist yfirvinnutaxti skv. launaflokki 2.

Ræsting á stórhátíðum greiðist með stórhátíðartaxta skv. launaflokki 2.

Peir sem eru ráðnir upp á hærri taxtann frá kl. 18:00 á föstudögum halda honum meðan samfelld ráðning er.

Talningin á dögnum í mánuði eru 21,67.

Uppmælt vinnupláss.

Almenn gólfæsting kr. **309,52** á mánuði fyrir hvern fermetra.

Fimleikahús kr. **268,35** á mánuði fyrir hvern fermetra.

Salerni, snyrtingar kr. **348,96** á mánuði fyrir hvern fermetra.

Tímakaup í nýju kerfi ákvæðisvinnu við ræstingar (staðinn tími).

Launaflokkur 2 með 20% álagi

		Mán.-fös 18:00-24:00	Mán.-fös 24:00-07:00 og lau. /sun.	
	Dagvinna	33% álag *	45% álag *	Yfirvinna *
Byrjunarlaun	1.404,75	463,57	632,14	2.528,60
Eftir 1 árs starf í starfsgrein	1.415,91	467,25	637,16	2.548,69
Eftir 3 ára starf í starfsgrein	1.427,24	470,99	642,26	2.569,08
Eftir 5 ára starf í starfsgrein	1.438,74	474,78	647,43	2.589,78
Eftir 7 ár hjá sama fyrirtæki	1.450,41	478,64	652,69	2.610,79

* Fyrir vinnu umfram 40 stundir á viku skal greiða yfirvinnuálag.

Smá samantek úr

KJARASAMNINGI

milli

Flóabandalagsins (Efling, Hlíf, VSK), Landssambands íslenzkra verzlunarmanna, Rafiðnaðarsambands Íslands, Samiðnar - sambands iðnfélaga, Starfsgreinasambands Íslands, VR, féлага með beina aðild (Félag bókagerðarmanna, Félag hársnyrtisveina, Félag leiðsögumanna, MATVÍS, VM - Félag vélstjóra og málmteknimanna) og samninganefndar ASÍ annars vegar

og
Samtaka atvinnulífsins hins vegar

Aðgerðir til stuðnings kaupmætti

Forsenda þess að unnt verði að gera kjarasamninga til a.m.k. tveggja ára fyrir lok samningstímans er að mótuð hafi verið ný peningamálustefna sem stefna stjórnvalda í efnahags- og félagsmálum styður á hverjum tíma. Í þeirri vegferð er mikilvægt að verðbólgu markmið ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, 2,5%, náist á árinu 2014. Hjöðnun verðbólgu krefst samstillingar ákvarðana á vinnumarkaði, í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og í peningamálum.

Samningsaðilar skulu á gildistíma þessa kjarasamnings fjalla um og fylgja eftir aðgerðum til stuðnings þessum markmiðum. Eftirfarandi aðgerðum er ætlað að styrkja markmið samningsins um aukinn kaupmátt, hjöðnun verðbólgu og lækkun verðbólguvæntinga almennings, fyrirtækja, opinberra aðila og aðila á fjármálamarkaði:

- a. Gengið er út frá því að ákvarðanir um hækkun krónutölugjalda í fjárlögum ríkisins og gjaldskráa ríkis og sveitarfélaga, auk fyrirtækja í þeirra eigu, vegna ársins 2014 samrýmist stöðugu verðlagi.
- b. Gengið er út frá því að fyrirtæki gæti ýtrasta aðhalds í verðákvörðunum sínum í ljósi kostnaðaráhrifa þessa samnings og þeirra breyttu verðbólguvæntinga sem honum er ætlað að stuðla að.
- c. Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld leita leiða til að takmarka hvers kyns sjálfvirka verðuppfærslu viðskiptasamninga og gjaldskráa fyrirtækja og stofnana.
- d. Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld beita sér fyrir endurskoðun á vörugjöldum og tollum með lækkun verðlags að markmiði.
- e. Aðilar samningsins munu sameiginlega og hvor í sínu lagi beita sér fyrir verðstöðugleika og aðhaldi í verðlagsmálum.

Aðilar samningsins ganga út frá því að heildarlaunabreytingar á samningstímanum samrýmist verðbólgu markmiðinu, 2,5%. Í því felst það markmið að hækkun launavísitölu Hagstofu Íslands verði innan við 4% á árinu 2014. Það felur í sér að við framkvæmd kjarasamninga á árinu 2014 verði launabreytingar ekki umfram það sem leiðir af kjaratengdum ákvæðum þessa kjarasamnings, samningsbundinni réttindaávinnslu og starfsþróun.

Nýtt íslenskt samningalíkan

Heildarsamtökin á vinnumarkaði hafa sameiginlega greint skipulag vinnumarkaðar, undirbúning og gerð kjarasamninga á Norðurlöndunum með það að markmiði að móta nýtt íslenskt kjarasamningalíkan að norrænni fyrirmynd eftir því sem aðilar verða ásáttir um. Helstu einkenni norræna líkansins eru; atvinnugreinasamningar milli samtaka atvinnurekenda og samflots stéttarféлага (kartela) sem taka til allra starfsmanna fyrirtækja í viðkomandi grein; svigrúm fyrir launabreytingar ræðst af samkeppnishæfni og sjálfbærni greina í alþjóðlegri samkeppni; fastmótað samspil launaákvæðana á almennum og opinberum vinnumarkaði; miðlægir samningar um kostnaðarramma sem útfærðir eru í nærsamningum.

Fyrir lok febrúar 2014 munu aðilar skilgreina þær greinar þar sem atvinnugreinasamningar geta hentað. Í framhaldi þeirrar vinnu sem fram mun fara eru aðilar sammála um að stefna að því að gera einn eða fleiri atvinnugreinasamninga.

Viðræðuáætlun

Markmið

Aðilar munu þegar hefja viðræður vegna þeirra kjarasamninga sem framlengdir eru með samningi þessum og gilda til 31. desember 2014 með það fyrir augum að ljúka gerð nýrra samninga fyrir þann tíma. Markmið þeirra verði vaxandi kaupmáttur, efnahagslegur stöðugleiki og lág verðbólga, bætt samkeppnisstaða atvinnulífsins og stöðugt gengi krónunnar. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að skapa raunhæfar væntingar í samfélaginu til mögulegs ávinnings af kjarasamningum.

Gildissvið

Áætlun þessi tekur til aðalkjarasamninga, sérkjarasamninga og annarra samninga sem falla undir eða eru hluti aðalkjarasamninga.

Samningsumboð

Fyrir lok janúar 2014 leggi samningsaðilar skriflega fram skipun samninganefnda og umboð þeirra til samningaviðræðna.

Launatölfræði og efnahagsupplýsingar

Í maí 2014, eða eins fljótt og auðið er, munu samningsaðilar kortleggja samningsniðurstöður á samningssviði aðila og leggja mat á framkvæmd og áhrif samninganna á grundvelli gagna frá Hagstofu Íslands. Í þeirri vinnu verður einnig litið til undangenginna tveggja samningstímabila. Niðurstöður verði gefnar út í skýrslu.

Skýrslan „Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagssumhverfi og launaþróun“ frá í október 2013 sem unnin var af samningsaðilum á opinberum- og almennum vinnumarkaði verður uppfærð fyrir lok september 2014.

Sérmál önnur en launaliðir

Viðræður einstakra samningsaðila um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem ekki varða launalið verði skipulagðar um einstaka þætti þannig að viðræður um sömu eða skylda þætti fari fram á sama tíma milli allra samningsaðila. Kröfur komi fram fyrir lok janúar 2014.

Endurskoðun viðræðuáætlunar

Fyrir lok september 2014 skulu aðilar sameiginlega meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Þar skal tekin afstaða til þess hvort óskað er milligöngu ríkissáttasemjara skv. 1. mgr. 24. gr. laga 80/1938.

Launaliðir

Viðræður um launaliði hefjist fyrir 15. október 2014 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram. Jafnframt verða aðrir þættir kjarasamninga ræddir að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast samningum um launaliði.

Fyrirkomulag samningaviðræðna

Fundir skulu að jafnaði haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara nema samkomulag verði um annað. Fundir verði skráðir sem og efni þeirra og framlögð gögn.

Fundaáætlun / tímasett markmið

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

Lok viðræðna

Hafi samningar ekki tekist fjórum vikum áður en kjarasamningar renna út skal tekin ákvörðun um það hvort og þá hvenær ríkissáttasemjari taki við stjórn viðræðna sbr. 2.mgr. 24.gr. laga nr. 80/1938.

Breytt ákvæði kjarasamninga

Veikindi og slys í orlofi

Viðeigandi ákvæði kjarasamninga um veikindi í orlofi breytist og hljóði svo:

Veikindi og slys í orlofi

